

Stiklur úr sögu LOGOS Eigendur LOGOS og forverar í gegnum árin

LOGOS lögmannsþjónusta rekur sögu sína allt aftur til ársins 1907 þegar Sveinn Björnsson, sem síðar varð fyrsti forseti Íslands, opnaði málflutningsskrifstofu í Kirkjustræti 10 í Reykjavík.

LOGOS varð til með samruna Málflutningsskrifstofunnar Suðurlandsbraut 4a og A&P lögmannna. Með samrunanum varð til öflug lögmannsstofa sem getur í krafti stærðar, reynslu og þekkingar veitt betri og sérhæfðari þjónustu og sinnt einstökum verkefnum á skjótari og hagkvæmari hátt en áður var mögulegt. Hefur stofan vaxið mikið frá samrunanum.

Sveinn Björnsson (f. 1881 – d. 1952) útskrifaðist sem lögfræðingur frá Kaupmannahafnarháskóla 22. júní 1907 og kom til Íslands nokkru síðar. Seint í júlímánuði mun hann hafa sótt um leyfi til málflutningsstarfa við yfirréttinn og er veitt leyfi sem yfirréttarmálflutningsmanni í Reykjavík þann 12. ágúst 1907. Nokkrum dögum síðar, hinn 17. ágúst 1907, birtist neðangreind auglýsing í vikublaðinu Ísafold, en þá voru aðeins gefin út tvö blöð í Reykjavík, einu sinni í viku hvort, Þjóðólfrur og Ísafold, en faðir Sveins, Björn Jónsson, var þá ritstjóri Ísafoldar.

Auglýsingin var svohljóðandi;

TEK AÐ MÉR MÁLFLUTNINGSSTÖRF, KAUP OG SÖLU Á
HÚSUM OG LÓÐUM. HEIMA KL. 10 OG 1/2 OG 4 TIL 5.

SVEINN BJÖRNSSON KIRKJUSTRÆTI 10.

17. ágúst 1907 verður þannig að teljast stofndagur LOGOS og að skrifstofan hafi byrjað feril sinn í Kirkjustræti 10. Svo virðist sem Kirkjustræti 10 hafi verið heimili Sveins og hann rekið skrifstofuna í heimahúsi fyrst í stað. Hann er settur málflutningsmaður við Landsyfirréttinn 29. september 1919 og fær réttindi sem hæstaréttarlögmaður skömmu eftir að Hæstiréttur er stofnaður, eða nánar tiltekið 22. júní 1920. En sama ár, í ágústmánuði 1920, verður hann sendiherra Íslands í Danmörku og sinnir því starfi fram til 1. júní 1924. Þá kemur hann heim til Íslands og gerist hæstaréttarlögmaður hér í borg. Það stendur þó ekki lengi, því að 15. júní 1926 er hann aftur skipaður sendiherra Íslands í Danmörku. Frá þeim tíma stundar hann ekki lengur málflutningisstörf, verður ríkisstjóri og fyrsti forseti Íslands.

Er Sveinn Björnsson var skipaður sendiherra árið 1920 tóku Guðmundur Ólafsson og Pétur Magnússon við skrifstofunni og ráku hana saman sem einkaeigendur til dánardægurs Guðmundar.

Guðmundur Ólafsson (f. 1881 – d. 1922) gerðist fulltrúi á skrifstofu Sveins Björnssonar árið 1913, tók hann við rekstri stofunnar árið 1920 ásamt Pétri Magnússyni.

Pétur Magnússon (f. 1888 – d. 1948) gerðist meðeigandi að Málflutningsskrifstofunni árið 1920. Hann hvarf til annarra starfa árið 1941.

Guðlaugur Þorláksson (f. 1907 – d. 1974) réð sig á Málflutningsskrifstofuna árið 1923. Hann var ekki menntaður lögfræðingur en vann við bókhald og endurskoðun og var löggiltur fasteignasali. Guðlaugur gerðist meðeigandi að skrifstofunni við andlát Guðmundar Ólafssonar árið 1935 ásamt Einari Baldvini Guðmundssyni.

Einar Baldvin Guðmundsson (f. 1903 – d. 1974) var ráðinn sem fulltrúi á Málflutningsskrifstofuna árið 1929. Við andlát Guðmundar Ólafssonar árið 1935 gerðist Einar Baldvin meðeigandi og starfaði þar til dauðadags.

Eftir lát Einars Baldvins Guðmundssonar og Guðlaugs Þorlákssonar ráku Guðmundur Pétursson og Axel Einarsson skrifstofuna með eignaraðild ekkju Guðlaugs, Camillu Sandholt.

Guðmundur Pétursson (f. 1917 – d. 2009) hóf störf sem fulltrúi á Málflutningsskrifstofunni árið 1947. Hann gerðist meðeigandi þeirra Guðlaugs Þorlákssonar og Einars Baldvins Guðmundssonar árið 1948. Guðmundur Pétursson gekk úr félaginu í árslok 1995.

Axel Einarsson (f. 1931 – d. 1986) hóf störf á Málflutningsskrifstofunni sem fulltrúi árið 1957 og varð meðeigandi árið 1968.

Pétur Guðmundarson (f. 1950) hóf störf á Málflutningsskrifstofunni sem fulltrúi árið 1978 og varð meðeigandi árið 1986. Hann gekk úr félaginu í árslok 2012.

Eftir lát Axels Einarssonar ráku þeir feðgar Guðmundur Pétursson og Pétur Guðmundarson Málflutningsskrifstofuna, með eignaraðild Camillu Sandholt og Unnar Óskarsdóttur, ekkju Axels, en hlut beggja í skrifstofunni keyptu þeir síðan 7. maí 1988. Þar með lauk hefðbundinni "þriggja-partnera" skiptingu, og eftir það fjölgaði meðeigendum.

Hákon Árnason (f. 1939 – d. 2019) gerðist meðeigandi í Málflutningsskrifstofunni árið 1988, en hafði áður starfað sem fulltrúi og síðar meðeigandi á Málflutningsskrifstofu Ágústara Fjeldsted og Benedikts Blöndal.

Jakob R. Möller (f. 1940) gerðist meðeigandi í Málflutningsskrifstofunni í ársbyrjun 1991. Hann gekk úr félaginu í árslok 2006.

Einar Baldvin Axelsson (f. 1965) starfaði á Málflutningsskrifstofunni samhliða laganámi og sem fulltrúi eftir að námi lauk 1991. Hann gerðist meðeigandi í ársbyrjun 1995.

Gunnar Sturluson (f. 1967) gekk til liðs við Málflutningsskrifstofuna sem fulltrúi árið 1992 og varð meðeigandi árið 1995.

Um áramótin 1999-2000 sameinuðust Málflutningsskrifstofan og A&P lögmenn, Borgartúni 24 og undir merkjum LOGOS.

Upphaf A&P lögmanna má rekja til ársins 1969 er Ragnar Aðalsteinsson hóf rekstur eigin málflutningsskrifstofu 1. nóvember 1969, þar af í félagi við Árna Guðjónsson hrl. frá 1. janúar 1974 til 1975, frá 1. maí 1985 til 1. október 1986 í félagi við Lilju Ólafsdóttur hdl., í félagi við Sigurð Helga Guðjónsson hrl. til 1992 og Viðar Má Matthíasson. En síðan í félagi við Othar Örn Petersen hrl. frá 30. janúar 1990, Viðar Má Matthíasson hrl., Tryggva Gunnarsson hrl. (frá 1. janúar 1990) og Jóhannes Sigurðsson hrl. frá 1. október 1991.

Við sameiningu Málflutningsskrifstofu og A&P lögmanna voru eftirtaldir lögmenn eigendur A&P lögmanna:

Árni Vilhjálmsson (f. 1952) gerðist meðeigandi í A&P lögmönnum 1995.

Erlendur Gíslason (f. 1966) hóf störf sem fulltrúi á Málflutningsskrifstofu Ragnars Aðalsteinssonar hrl. o.fl. árið 1991 og síðar hjá A&P lögmönnum. Erlendur varð meðeigandi árið 1998.

Jóhannes Sigurðsson (f. 1960) hóf samstarf við Ragnar Aðalsteinsson hrl., Othar Örn Petersen hrl., Sigurð H. Guðjónsson hrl. (til 1992), Tryggva Gunnarsson hrl. og Viðar Má Matthíasson hrl. Jóhannes gekk úr sameignarfélaginu árið 2003.

Othar Örn Petersen (f. 1944) hóf rekstur málflutningsskrifstofu 30. janúar 1990 með Ragnari Aðalsteinssyni hrl., Sigurði H. Guðjónssyni hrl. (til 1992), Viðari Má Matthíassyni hrl., Tryggva Gunnarssyni hrl. og Jóhannesi Sigurðssyni hdl.

Ragnar Aðalsteinsson (f. 1935) hóf rekstur málflutningsskrifstofu 30. janúar 1990 í félagi við Othar Örn Petersen hrl., Viðar Má Matthíasson hrl., Tryggva Gunnarsson hrl. (frá 1. janúar 1990) og Jóhannes Sigurðsson hrl. frá 1. október 1991. Ragnar gekk úr sameignarfélaginu árið 2000.

Áður höfðu neðangreindir lögmenn verið í samstarfi við þá:

Sigurður Helgi Guðjónsson (f. 1953) starfaði sem fulltrúi á Málflutningsskrifstofu Guðmundar Péturssonar hrl. og Axels Einarssonar hrl. frá 1979 til 1983.

Tryggvi Gunnarsson (f. 1955) rak málflutningsskrifstofu í Reykjavík frá ársbyrjun 1990 í félagi við Ragnar Aðalsteinsson hrl., Sigurð Helga Guðjónsson hrl. (til ársins 1992) og Viðar Má Matthíasson hrl., og síðar einnig Othar Örn Petersen hrl. (frá 30. janúar 1990) og Jóhannes Sigurðsson hdl. (frá 1. október 1991).

Viðar Már Matthíasson (f. 1954) rak eigin lögmennsstofu í Reykjavík frá 1. maí 1985 í félagi við Ragnar Aðalsteinsson hrl., Lilju Jónasdóttur hdl. (til 1. október 1986), Sigurð Helga Guðjónsson (til ársins 1992) og síðar einnig Tryggva Gunnarsson hrl. (frá 1. janúar 1990), Othar Örn Petersen hrl. (frá 30. janúar 1990) og Jóhannes Sigurðsson hdl. (frá október 1991).

Frá sameiningu Málflutningsskrifstofu og A&P lögmanna 1. janúar 2000 hafa eftirtaldir lögmenn gerst meðeigendur:

Ragnar Tómas Árnason er fæddur 28. ágúst 1970. Hann starfaði sem fulltrúi hjá A&P lögmönnum og síðar LOGOS frá 1995 til 2001. Ragnar Tómas varð meðeigandi árið 2001.

Helga Melkorka Óttarsdóttir er fædd 16. maí 1966. Hún hóf störf sem fulltrúi hjá LOGOS árið 2001 og varð meðeigandi árið 2002.

Óttar Pálsson er fæddur 10. júní 1972. Hann hóf störf sem fulltrúi hjá A&P lögmönnum og síðar LOGOS árið 1997. Hann varð meðeigandi árið 2002. Óttar gekk úr félaginu í árslok 2005, en varð síðan aftur meðeigandi árið 2011.

Hjördís Halldórsdóttir er fædd 5. október 1972. Hún starfaði sem fulltrúi hjá A&P lögmönnum og síðar LOGOS frá árinu 1999 og varð meðeigandi árið 2006.

Guðmundur J. Oddsson er fæddur 1. maí 1975. Hann starfaði sem fulltrúi hjá A&P lögmönnum og síðar LOGOS frá 1999 til 2003. Hann varð meðeigandi árið 2006.

Ólafur Arinbjörn Sigurðsson er fæddur 9. maí 1971. Hann hóf störf sem fulltrúi hjá LOGOS 2003 og varð meðeigandi árið 2007.

Bjarnfreður Ólafsson er fæddur 17. nóv. 1967. Hann varð meðeigandi árið 2006.

Jón Elvar Guðmundsson er fæddur 5. maí 1976. Hann varð meðeigandi árið 2008.

Heiðar Ásberg Atlason er fæddur 26. apríl 1975. Hann hóf störf sem fulltrúi hjá LOGOS í árið 2002 og varð meðeigandi árið 2009.

Ólafur Eiríksson er fæddur 29. september 1973. Hann hóf störf sem fulltrúi hjá LOGOS árið 2006 og varð meðeigandi árið 2009.

Þórólfur Jónsson er fæddur 5. september 1974. Hann hóf störf sem fulltrúi hjá Málflutningsskrifstofunni og síðar LOGOS 1999 til 2001 og svo aftur 2002 til 2004. Hann gekk í eigendahóp LOGOS árið 2009.

Benedikt Egill Árnason er fæddur 2. desember 1980. Hann hóf störf sem fulltrúi hjá LOGOS árið 2005 og varð meðeigandi árið 2013.

Guðbjörg Helga Hjartardóttir er fædd 7. september 1978. Hún hóf störf sem fulltrúi hjá LOGOS árið 2004 og varð meðeigandi árið 2013.

Áslaug Björqvinsdóttir er fædd 1. október 1982. Hún hóf störf sem fulltrúi hjá LOGOS árið 2007 og varð meðeigandi árið 2017.

Halldór Brynjar Halldórsson er fæddur 16. september 1984. Hann hóf störf sem laganemi hjá LOGOS árið 2007 og varð fulltrúi árið 2009. Halldór Brynjar varð meðeigandi árið 2019.

Húsakynnin

Við stofnun Málflutningsskrifstofunnar var hún í Kirkjustræti 10, en fluttist þaðan að Austurstræti 7, 2. hæð og síðar 3. hæð. Telja má víst að það hafi verið árið 1917, þar sem bygging hússins fór fram árið 1916. Í Austurstræti var skrifstofan í 40 ár eða fram í marsmánuð 1957, að hún fluttist í Morgunblaðshúsið, Aðalstræti 6, 3. hæð. Það var svo 17. ágúst árið 1988 sem Málflutningsskrifstofan fluttist að Suðurlandsbraut 4A, 5. hæð.

A&P lögmenn sf., voru til húsa í Borgartúni 24. Fyrst undir nafni Málflutningsskrifstofunnar Borgartúni 24, sem var stofnuð í maí árið 1985, en á 10 ára afmæli stofunnar árið 1995 var nafni hennar breytt í A&P lögmenn sf.

Eftir sameiningu stofanna 1. janúar 2000 voru stofurnar í fyrstu starfræktar á tveimur stöðum, þ.e. á Suðurlandsbrautinni og í Borgartúninu, en þann 17. janúar það ár var starfseminni komið undir eitt þak og rekstur Málflutningsskrifstofunnar fluttur af Suðurlandsbrautinni í Borgartúnið. Hinn 24. september 2001 opnaði LOGOS síðan skrifstofu í núverandi húsnæði að Efstaleiti 5.

Kirkjustræti 10 (1907-1917)

Austurstræti 7 (1917-1957)

Aðalstræti 6 (1957-1988)

Suðurlandsbraut 4a (1988-2000)

Borgartún 24 (2000-2001)

Efstaleiti 5 (2001-)